

Akureyrarbær
Skipulagssvið
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík 7. maí 2018
UST201804-115/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Hálönd – Hlíðarendi - Akureyrarbær

Vísað er til erindis skipulagssviðs Akureyrarbæjar er barst 10. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að 3. áfanga frístundabyggðar Hálanda í landi Hlíðarenda. Áætlað er að reisa 52 frístundahús og hótél með allt að 250 herbergjum.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð og á uppdrætti kemur fram að 3. áfangi Hálanda er áætlaður milli bæjarhúsa Hlíðarenda og fyrri áfanga. Tillaga um 3. áfanga nær til um 14,1 ha lands, þar af eru 13,4 ha áætlaðir fyrir frístundabyggð.


Hótél

Í greinargerð kemur fram að áætlað hótél mun verða með allt að 250 gestaherbergjum, ráðstefnusölum o.fl. og að gert er ráð fyrir að það verði allt að 15.000 m² að stærð. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir að byggingin geti risið allt að þrjár hæðir upp úr landi og tvær hæðir niður í landið og að þannig verði unnið með landhallanum á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að bygging af slíkri stærðargráðu mun hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Að mati Umhverfisstofnunar gæti verið heppilegt vegna áhrifa á ásýnd að áfangaskipta hótelinu og brjóta það upp í einingar, svo það falli betur að frístundabyggðinni í kring.

Lagnir og veitur

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur